


## Leiðbeiningar fyrir Moodle notendur

### - Fyrstu skref -

Þegar þú hefur nýskráð þig inn birtist moodle með þessari mynd. Hvert svið innan Isavia á sína mynd. Smelltu á sviðið þitt og þá munu þeir áfangar birtast sem eru í boði á þínu sviði.


Gefum okkur að þú vinnir á Flugleiðsögu-sviði þá smellir þú á myndina **Flugleiðsaga**.



The screenshot shows the Moodle front page for ISAVIA. On the left, there is a sidebar with three sections: 'MAIN MENU' containing 'Site news' and 'Add a resource...'/'Add an activity...' buttons; 'NAVIGATION' with links for 'Home', 'My home', 'Site pages', 'My profile', and 'My courses'; and 'ADMINISTRATION' with 'Front page settings'. The main content area displays a grid of course tiles: 'Flugleiðsaga', 'Flugvernd', 'Flugvallarþjónusta', 'Almenn fræðsla', 'Fríhöfn', 'Tern', and 'Flugverndarvítund' (with a sub-label 'Airport Security Awareness'). A blue arrow points from the text above to the 'Flugleiðsaga' tile.

Nú ættu allir þeir áfangar sem tilheyra Flugleiðsögu að birtast þér. Við sjáum tvo áfanga á neðangreindri mynd.

### ISAVIA - Skóli



The screenshot shows the Moodle course page for 'Flugleiðsaga'. The sidebar on the left has a navigation tree with 'Heim', 'Áfangar', and 'Flugleiðsaga' expanded to show 'AFIS 2015', 'AFIS grunn', 'Q-Mark', 'DAN', 'Flugvernd', 'Flugvallarþjónusta', 'Almenn fræðsla', 'Fríhöfn', and 'Tern'. The main content area has a 'Deildir/veitur:' dropdown set to 'Flugleiðsaga', a search bar with 'Leita í áföngum:' and an 'OK' button, and two course modules: 'AFIS síþjálfun 2015' (Kennari: Astrid Lisa Ingvadóttir) and 'AFIS grunnþjálfun' (Kennari: Astrid Lisa Ingvadóttir, Kennari: Unnur Ólafsdóttir). Two blue arrows point from the text above to the search bar and the course modules.

Þú getur skrumað niður síðuna því fjöldi áfanga getur verið nær endalaus. Kennarinn þinn hefur val um að senda þér lykilorð svo þú getir opnað áfangann þinn sjálfur eða hann skráir þig inn í áfangann þegar þú hefur lokið við að nýskrá þig í moodle. Ef kennarinn handskráir þig þá er auðveldast fyrir þig að vera vinstra megin á síðunni og smella á **Heimasvæði** – þá birtast eingöngu þeir áfangar sem kennari hefur innritað þig í.

Nú hef ég smellt á AFIS síþjálfun. Umsjónarkennari námskeiðsins hefur sett inn Powerpoint kynningu og svo einnig nokkur Word skjöl. Með því að smella á skjölin þá opnast þau í stærri glugga.

## AFIS síþjálfun 2015



**Fréttabing** er einskönar tilkynningarborð fyrir kennara námskeiðsins. Allar tilkynningar sem koma þarna inn fara einnig sem tölvupóstur á það netfang sem þú gafst upp þegar þú nýskráðir þig á moodle.

**Umræðupráður** getur verið nýtsamlegur hnappur fyrir bæði nemendur og kennara. Þarna inn er hægt að setja inn fyrirspurnir. Kosturinn við þetta er að hér sjá allir fyrirspurnina og annaðhvort samnemendur eða kennari geta svarað. Verið hnitmiðuð í spurningum og hafið lýsandi efnisheiti á umræðuefninu. Ef spurningin er t.d. veðurfræðilegs eðlis þá er hægt að setja **Veður** í reitinn **Viðfangsefni**.

▼ Þitt umræðuefni




Viðfangsefni\*

Skilaboð\*



Kennari getur valið hvort nemendur eru áskrifendur að umræðuþráðum eða ekki. Ef nemendur eru áskrifendur fá þeir send öll ný innlegg í þráðinn í netpóstinn sinn, þannig að ekkert ætti að fara fram hjá ykkur sem þarna fer fram.

Nemendur/starfsmenn geta skilað inn verkefnum í sérstök skilahólf í moodle.

Nýtt	
 Kynning <input type="checkbox"/>	
Flugreglur og vinnuleiðbeiningar	
 Þjálfunaráætlun AFIS <input type="checkbox"/>	
 Framkvæmd hæfnismats <input type="checkbox"/>	
 Verkefni 1 - skilahólf <input type="checkbox"/>	

## Hanbækur og vinnuaðan

Smellið á skilahólfið og ýtið á hnappinn **Ný verkefnaskil**. Þá birtist neðangreind mynd. Þið getið dregið skjalið ykkar með verkefninu inn í reitinn með bláu örinni. Muna að ýta á **Vista breytingar**.

## Verkefni 1 - skilahólf

Verkefni 1 - skilahólf

Skilaskrár

Hámarksstærð nýrra skráa: 1MB, hámarksföldi viðheng



A file upload interface with a toolbar at the top containing icons for file operations. Below the toolbar is a folder icon labeled 'Skrár'. The main area is a large dashed rectangle containing a blue downward-pointing arrow and the text 'Dragðu skrár hingað og slepptu til að flytja inn í kerfið'.

Vista breytingar

Hætta við

Kennari fær póst um skilin um leið og nemandi/starfsmaður hefur skilað inn verkefni.